



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í febrEfni þarf að berast í síðasta lagi 4. febr 2019



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu og vonandi geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegdir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Sjáumst á bókasafninu ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Gegdir



leitir.is

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánud-föstud: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga: 16:30-20:30.

Föstudaga: 12:30-18:00

Jan 2019
Ríttstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

29. árgangur.
333.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Þá er árið 2019 runnið upp og heilsar okkur með blotviðri. Það er reyndar með ólíkindum hvernig þessi vetrartíð getur verið mismunandi eftir árum og það sem af er þessum vetri mætti segja að þetta sé nú lítil vetur en því meira myrkur.

Annars hefur þetta veðurfar hjálpað okkur mikið með ljósleiðaraverkefnið. Það tókst að koma öllum rörum í jörð fyrir jól sem er afrek í sjálfu sér. Vil ég hrósa verktakanum Gröfutækni fyrir góða vinnu sem skilaði þessum árangri. Það er síðan verið að blása ljósleiðara í síðustu 2 áfangana, þ.e, Flúðir-Laugarkrökur og Austurkrökur. Vonandi verða þeir tilbúnir til tengingar núna í janúar. Ég vil síðan hvetja alla til að tengjast ljósleiðarakerfinu sem fyrst sem það geta. Það skiptir máli fyrir rekstur kerfisins að línugjaldið renni til Hrunaljóss í stað þess að það renni núna til Mílu. Þetta er sama fjárhæðin en einhvern veginn hugnast mér betur að samfélagið fái endurgjaldið en félag á markaði. Síðan vil ég benda á að fólk á ekki að hlusta á að ef fjarskiptafélögin segi að ljósleiðarakerfið sé ekki tilbúið til tengingar. Það ber við að söluaðilar fjarskiptafélagana fái ekki að vita af því að kerfin okkar séu klár og það hefur verið óþolandi hvað sumir hafa þurft að bíða eftir ljósinu !!!

Annars eru áramót tími uppgjors og áætlana og nú er verið að vinna að því að koma samþykktum verkefnum fyrir árið 2019 í framkvæmd en sveitarstjórn er búin að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og 2020-2022. Við fyrstu sýn ætti síðan árið 2018 að líta þokkalega út fjárhagslega fyrir sveitarfélagið en ytri aðstæður eins og verðbólga og almenn umsvif í samfélaginu hafa verið þokkalega hagstæð og tekjur ríkisins miklar sem skilar sér að hluta til okkar. Endanlegt uppgjör fyrir sveitarfélagið liggur síðan ekki fyrir en ársreikningur 2018 er lagður fram í apríl.

Maður er eflaust farinn að endurtaka sig, en enn og aftur eru úrgangsmálin manni hugleikin þegar horft er í baksýnisspegillinn varðandi rekstur sveitarfélagsins á árinu 2018 og einnig þær áskoranir sem bíða okkar á árinu 2019. Eins og staðan er núna þá sýnist mér að sveitarfélögin á Suðurlandi stefni í að þurfa að flytja út úrgang til brennslu til að losna við hann í stað urðunar. Þetta þýðir að við þurfum að taka upp mjög breyttar aðferðir við flokkun úrgangs og meðferð hans. Það þýðir að fyrirtækin þurfa einnig að sérsafna og flokka úrgang og einnig verða sumarhúsaeigendur að taka þátt í þessu.

Væntanlega þýðir þetta að opnir gámar verða aflagðir í sveitarfélaginu og að opnunartími gámasvæðisins á Flúðum verði þrengri en erfitt er að koma við góðri flokkun þar nema hafa staðinn mannaðan að mestu. Hins vegar má segja að í stóra samhenginu verðum við að fara í þessa vegferð saman, bæði vegna kostnaðar, umhverfissjónarmiða og ekki síður sem innlegg í loftslagsmál.

Smá tafir hafa orðið á því að brúnu tunnunni sé dreift en það stafar af því að tafist hefur að útbúa leiðbeiningarbækling og merkingar sem eiga að fylgja með tunnunni. Hins vegar geta menn byrjað að nota blátunnuna strax líka undir plast og minni málmhluti. Minni líka á að koma plasti og pappa inn á gámasvæðið á Flúðum. Ein ábending varðandi flokkun á gámasvæðinu er að sjónvörp og önnur raftæki eiga að fara í raftækjagáminn/málma en alls ekki í grófan úrgang.

Þá eru smá breytingar á starfmannamálum hjá okkur en búið er að ráða í 50% starf yfirmanns íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómastundafullrúa Hrunamannahrepps. Sá sem ráðinn var heitir Sigurjón Pétur Guðmundsson en hann hefur verið yfir íþróttamiðstöðinni í Reykholti og mun hann hefja störf í byrjun febrúar. Vil ég bjóða hann velkominn í góðan starfsmannahóp sveitarfélagsins. Tengt íþróttahúsinu þá var ánægjulegt að sjá hvað margir mættu í 110 ára afmælisfagnað UMFH í íþróttahúsinu þann 13. desember s.l. Félagið hefur unnið ómetanlegt starf fyrir samfélagið og mun svo vonandi verða áfram næstu 110 árin !! Síðan er ein lauflétt leiðrétting frá síðasta pistli en mér mislagðist nafn á væntanlegum gönguskála í Kerlingarfjöllum en þar átti að sjálfstögðu að standa Grákollur en ekki Gráhnjúkur.

Árið 2018 og jólin voru kvödd með brennum um áramót og „helgarþrettándanum“ sem að þessu sinni svindlaði á Kertasníki þar sem rúsinan var síðan glæsileg flugeldasýning hjá Björgunarfélaginu Eyvindi. Vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum sem komu að þessum viðburðum til að gleðja okkur hina. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Oddvitapistill.

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur

Nú er nýtt ár gengið í garð og þó svo að fyrsti dagur ársins hafi tekið á móti okkur með fallegu vetrarveðri þá er nú ekki hægt að segja að sólin hafi verið að kvelja okkur mikið núna í byrjun árs frekar en á síðasta ári. Ég hef þó þá trú að nýtt ár verði mun sólríkara en það liðna og það eigi eftir að verða metsala á sólarvörn í Búðinni ☺.

2018 var gott ár hjá sveitarfélaginu og margt hefur verið um að vera. Sveitarstjórnarkosningar voru á árinu. Kjörsókn var góð hér hjá okkur og er gott að vita til þess að íbúar Hrunamannahrepps nýti sér kosningaréttinn. Þegar búið var að telja uppúr kjörkössunum var skipað í nefndir og ráð. Mikið af nýju fólki tók sæti í nefndum og er gaman að finna þann mikla áhuga sem fólk hefur á því að taka þátt í stjórnun og uppbyggingu samfélagsins okkar. Unnsteinn Logi Eggertsson hætti í sveitarstjórn í vor og vil ég þakka honum og þeim einstaklingum sem hættu í nefndum sveitarfélagsins fyrir frábært samstarf og gott starf fyrir samfélagið.

Hrunamönnum fjölgaði á árinu og erum við orðin 786. Þessa fjölgun má að mestu tengja erlendu vinnuafli sem kemur hingað til að vinna og einnig því að það eru einhverjir Hrunamenn enn duglegir að búa til börn og þakka ég þeim kærlega fyrir sitt framtak í að fjölga börnum í sveitarfélaginu.

Nú um áramót tóku í gildi breytingar á gjaldskrá leikskólans sem felur í sér að vistunargjöld verða felld niður fyrir börn í elsta árgangi, sem eiga lögheimili í Hrunamannahreppi. Þetta er upphafið að þeirri áætlun að gera leikskólann gjaldfrjálsan.

Skólarnir okkar eru framúrskarandi stofnanir og vil ég þakka starfsfólki þeirra og nemendum fyrir að gera þá að því sem þeir eru.

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd kom með þá tillögu að Hrunamannahreppur tæki þátt í verkefninu heilsueflandi samfélag. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna og er nú búið að ráða verkefnastjóra sem er að vinna að innleiðingu á verkefninu hér. Verkefnið verður kynnt íbúum en ef fólk vill fá nánari upplýsingar er hægt að fara inná heimsíðu landlæknisembættisins <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag>.

Mikið æskulýðs- íþróttastarf er í sveitinni og vil ég þakka öllum þeim félögum sem sjá um að halda uppi því frábæra starfi.

Nú er deiliskipulagið í Gröf að verða tilbúið, búið er að auglýsa og er verið að leggja lokahönd á að finna nöfn á göturnar á svæðinu.

Fimm tillögur að breytingum á aðalskipulagi hreppsins liggja fyrir og eru þær í auglýsingu. Tillögurnar fela í sér þrjú ný svæði undir íbúabyggð, sumarhúsasvæði í Efra Langholti og að leyft verði að setja upp tjaldsvæði/afþreyingarsvæði í landi Laufskála. Ég hvet alla til að skoða tillögurnar og senda inn ábendingar ef einhverjar eru.

Sorpmálin eru mál sem verða fyrirferðamikil á árinu 2019. Ákveðið var að fara í meiri flokkun hér og verður sú breyting að veruleika nú á fyrstu vikum ársins. Það liggur fyrir að ekki er öruggt með urðunarstað fyrir okkur sveitarfélögin á Suðurlandi svo einhverjar breytingar verða tengdar því að koma sorpi frá okkur á endastað. Í tengslum við það má gera ráð fyrir að kostnaður við sorpmálin aukist töluvert en unnið er að því hjá Sorpstöð Suðurlands að finna bestu lausnina fyrir okkur. Ég hvet því alla til að flokka vel og reyna að öllum mætti að minnka sorpmagn.

Samstarfsverkefnið um seyrumálin fékk landgræðsluverðlaun á árinu og er gaman að fá viðurkenningu fyrir verkefnið. Seyrumálin eru eins og önnur úrgangsmál mjög mikilvægur liður í rekstri okkar og nauðsynlegt að þau mál séu eins og best verður á kosið. Keyptur var seyrubíll og ráðnir starfsmenn á hann og sér sá bíll um að safna saman seyrum á samstarfssvæðinu. Samþykkt var af sveitarfélögunum sem að verkefninu standa að byggja yfir starfseminu á Seyrustöðum á nýju ári og verður farið í að byggingarframkvæmdir þegar líða fer á árið.

Fleiri aðilar fengu verðlaun á árinu og óska ég þeim, Nínu og Slavík sem fengu umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, Mána Snæ Benediktssyni sem var kosinn íþróttamaður Hrunamannahrepps, Hrepphólabúinu sem fékk viðurkenninguna Fyrirmyndarbú LK og öllum þeim sem með atorku sinni og dugnaði náðu langt, innilega til hamingju með viðurkenningarnar. Kópsvatnsvirkjun hóf starfsemi sína og ætti nú á fyrstu mánuðum ársins að vera komin í fulla virkni. Spennandi verkefni sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni.

Hrunaljós hóf starfsemi á árinu þegar fyrstu íbúarnir tengdust inná kerfið. Það verður gleðistund þegar allir, sem þess óska, eru búnir að tengjast og þá komin ein besta nettenging sem völ er á um alla sveit.

Hrunamannahreppur hélt nú á haustdögum í fyrsta sinn árshátíð fyrir starfsmenn og þá sem sitja í nefndum sveitarfélagsins. Árshátíðin heppnaðist vel, þó ég segi sjálf frá, og er gaman að þessi stóri hópur geti átt góða stund saman.

Marsmánuð kölluðum við menningarmars en þá nýttum við mánuðinn til að koma á framfæri öllu því flotta menningarstarfi sem er hér í sveitarfélaginu. Fjöldamargir menningartengdir atburðir voru í mánuðinum og sýnir það hversu mikil menningarstarfsemi er hér. Vil ég þakka þeim félögum og kórum sem sinna menningarstarfi í sveitarfélaginu fyrir þeirra flotta starf.

Eftir tillögu frá landbúnaðarnefnd var nýr fjallkóngur skipaður á árinu þar sem Steinar Halldórsson hafði óskað eftir að láta af störfum. Jón Bjarnason tók við sem fjallkóngur. Óska ég Jóni velfarnaðar í embættinu og þakka Steinari fyrir hans störf sem fjallkóngur í gegnum árin.

Í lok árs var fjárhagsáætlun fyrir 2019 samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstarniðurstöðu hjá A og B hluta upp á 61 milljón. Nettófjárfestingar ársins verða um 96 milljónir. Einhverjar lántökur þarf að fara í vegna framkvæmda en skuldahlutfallið er að lækka hjá okkur og er áætlað að það verði 73% af heildartekjum. Ákveðið var að lækka álagningahlutfall fasteignaskatts í a flokki í 0,50% úr 0,54% til að veða á móti hækkun fasteignamats og vonumst við til að það komi fasteignaeigendum til góða.

Mörg mál hafa komið inná borð hjá okkur á liðnu ári og hvet ég alla til að lesa fundargerðir sveitarstjórnar, sem hægt er að nálgast á heimasíðunni okkar, til að fylgjast með því sem er að gerast á borði sveitarstjórnar því erfitt er að koma því öllu fyrir í einum pistli.

Ég vil að lokum enda á því að þakka :

- öllum þeim sem leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið okkar eins gott og það er.
- Öllu okkar góða starfsfólki fyrir þeirra störf, bæði þeim sem starfa hér hjá okkur í sveitarfélaginu og þeim sem starfa fyrir okkur í samstarfsverkefnum.
- Öllu nefndarfólkinu okkar sem situr í nefndum sveitarfélagsins fyrir þeirra störf.
- Sveitarfélögunum hér á svæðinu fyrir gott samstarf á árinu.
- og sveitarstjórn fyrir gott starf á árinu og góða samvinnu.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að nýja árið verði okkur öllum bjart og fagurt.

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

SMARI



Námskeið.

Einkatímar hjá Rósu Birnu Þorvaldsdóttur.

Boðið verður uppá einkatíma hálfv mánaðarlega í reiðhöllinni á Flúðum í vetur. Þetta eru almennir reiðtímar þar sem lögð verður áhersla á góða reiðmennsku og skilvirkar ábendingar. Hver einkatími er 30 mínútur og bæði verður hægt að skrá sig í stakan tíma og á heilt námskeið.

Námskeiðið byrjar um miðjan febrúar, alls verða sex skipti. Verð 5000 kr fyrir hálf tíma, skráning á smari@smari.is. Kveðja stjórn Smára :)



Mánudaginn 14.janúar hefst 10 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 18.000 krónur.

Æfingartímar: Mánudagar 20:00-21:00 og miðvikudagar 20:30-21:30.

Margrét Guðmundsdóttir sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hún við skráningum á netfangið margretg@fludaskoli.is ásamt því að svara spurningum um karlasportið.



VIOLA snyrtistofa Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Opið hús verður í Félagsheimili Hrunamanna miðvikudaginn
16. janúar kl. 14.
Leikskólabörnin munu syngja fyrir okkur og síðan verður sýnd
mynd um heilsu og hreyfingu.
Kaffisala í lokin.
Með nýárskveðju,
stjórnin

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
Inga Birna.

í síma: 486-5535 og 899 9665



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðaþjónustu
og viðburði í Uppsveitunum



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími Vetur 2018

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga : 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Verið velkomin

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Opnið: Mánudaginn 21.janúar.

Einungis verður opið þennan eina dag, en síðan ekkert
fyrr en um mán.mót apríl og maí.

Nánar verður auglýst er nær dregur

Tímabantanir í síma: 863 0433.

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Þorrablót 2019

Hið árlega þorrablót Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldið í Félagsheimilinu 26. janúar næstkomandi.

Yfirskrift blótsins í ár er „stöndum saman“.

Borðhaldið hefst klukkan 20:00 en húsið opnar klukkan 19:30. Að venju koma þorrablótsgestir með mat og drykk með sér en barinn verður einnig opinn.

Eftir borðhaldið verður pakkauppboð.

Minni karla og kvenna verða flutt af

Hildi Hjálmsdóttur og Bjarna Arnari Hjaltasyni í Borgarási.

Veislustjóri verður Marta Esther Hjaltadóttir.

Árni Þór og Ævar leika fyrir dansi til klukkan 2:00.

Panta þarf miða í síðasta lagi sunnudaginn 20. jan. til undirritaðra.

Gott er að sameina sig um borð.

Inngangseyrinn þarf að greiða í síðasta lagi fimmtudaginn 24. janúar með því að millifæra inn á reikning 0325-26-080168 kt 080168-4119 (Helena) og muna að senda kvittun á netfangið helena@fludaskoli.is þegar greitt er.

Miðaverð er kr. 4000.-

ATH. Það þarf ekki að prenta út eða sækja miða, einungis senda kvittun í tölvupósti og greiða á réttum tíma. Ef þriðji aðili greiðir fyrir miðann þarf að setja nafn þess sem pantaði miðann sem skýringu. Ef einhverjir hafa ekki aðgang að netbanka er velkomið að hafa samband við nefndarkonur.

Að þessu sinni rennur allur ágóði kvöldsins til stórrar barnafjölskyldu þar sem erfið veikindi hafa herjað síðustu misserin. Er það von okkar að Hrunamenn og gestir þeirra sameinist í átaki til að hjálpa fjölskyldunni.

Ef einhverjir komast ekki á blótið en vilja styrkja málefnið má leggja inn á ofangreindan reikning og skrifa SÖFNUN sem skýringu á greiðslu

Miðapantanir berist til : Helenu 698-2101, Sigríðar 662-0622, Else 690-6024,

Auðbjargar Lilju 865-9455



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafríar mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

**Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf**





Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita



Móttökuritari óskast til starfa.

Laus er til umsóknar staða móttökuritara hjá Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita hefur meðal annars það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög bygðasamlagsins. Aðsetur móttökuritara er að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Bygðasamlagið þjónar sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

Starfssvið :

- Simsvörðun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofustörfum með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Rúnar Guðmundsson í síma 480-5550 á skrifstofutíma.

Umsóknnum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið hentar báðum kynjum.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2019 og berist á netfangið runar@utu.is

Áramótakveðja frá Vinnustofunni Kjallarannum í Heimalandi.

Starfsfólk Kjallarans óskar Hrunamönnum og öllum velunnurum vinnustofunnar gleðilegs árs og þakkar liðið ár. Þið öll sem hafið séð okkur fyrir efni til að vinna úr, og ekki síður þið sem hafið keypt vörurnar okkar, kærar þakkir. An ykkar væri starfsemi vinnustofunnar ekki svona öflug. Hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Kveðja frá starfsfólki Vinnustofunnar Kjallarinn í Heimalandi

SMÁRI



Fyrsta vetrarmót Smára

SMÁRI



Verður haldið laugardaginn 2. febrúar næstkomandi í Torfdal á Flúðum. Mótið verður með sama sniði og í fyrra. Tveir eða fleiri inná í einu, riðið eftir þul og dómara gefa tölur.

Líkt og í fyrra ætlum við að hafa opinn flokk opin öllum. Gestir eru einnig velkomnir en þeir greiða 500 kr meira í skráningargjald. Einnig ætlum við að leyfa unglingum og ungmennum að skrá sig í opinn flokk ef þau vilja. Við ætlum að veita verðlaun í lok dags.

Pollastundin okkar verður á staðnum. Hún byrjar 12:30 og verður inn í reiðhöllinni.

Skráning hefst klukkan 12:00 og mótið hefst klukkan 13:00

Hestur þarf ekki að vera í eigu Smárafélaga til þess að mega taka þátt.

Við hvetjum alla okkar Smáramenn að mæta og hafa gaman saman á fyrsta vetrarmótinu okkar ☺

ATH! posi ekki á staðnum

Mótanefnd áskilur sér þann rétt að færa mótið inn í reiðhöll ef illa viðrar

Flokkarnir eru:

Pollaflokkur (Þrautabraut inn í reiðhöll)

Barnaflokkur

Unglingaflokkur

Ungmennaflokkur

Áhugamannaflokkur

Opinn flokkur (Opinn öllum)

PS: Við viljum minna á dagsetningarnar á næstu tveimur vetrarmótum, 2.mars og 6.apríl !

Fylgist með á Facebooksíðu Smára

Hlökkum til þess að sjá ykkur í Torfdal 9. Febrúar n.k.

☺ Mótanefnd ☺

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Föstud. 15. febrúar 2019
Tónleikar/Uppistand
Eypór Ingi

*Sælkerahlaðborðið okkar, kaffi og heimager
konfekt til kl. 19:30 kr. 2.890.*

**Uppistand og tónleikar hefst kl. 20:00
kr. 3.500.**

Barinn opinn til kl. 01:00



Farmers Bistro // Garðastígur 8//845 Flúðir
Bókið miða á booking@farmersbistro.is eða í síma 519-0808



Aðalfundur Smára verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudaginn 27. janúar kl. 20:30

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Skýrsla stjórnar
4. Skýrslur nefnda
5. Lagabreytingar ef fram koma
6. Kosning stjórnar og varastjórnar
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram
10. Önnur mál

Kjósa þarf formann til eins árs og meðstjórnendur til tveggja ára til að stýra félaginu okkar og leiða það áfram í starfi sem byggir á góðum grunni. Þeir sem hafa hug á að bjóða sig fram til stjórnarstarfa hafi samband við stjórn Smára á netfangið smari@smari.is.

Þeir sem hafa áhuga á málefnum félagsins og framtíðarstörfum þess eru hvattir til að mæta á fundinn.

Léttar veitingar verða í boði félagsins.

Kveðja, stjórn hestamannafélagsins Smára.



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Við opnum aftur eftir vetrarfrí frá og með **18. janúar** n.k.

Opnunartímar í janúar og febrúar:

Föstudaga til sunnudaga frá kl. 18.00 - 21.30


Opening hours in January and February:

Fridays – Sundays, from 18.00 – 21.30

Verið velkomin!

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is





Frá 110 ára afmælisfagnaði UMFH í Íþróttahúsinu



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Gleðilegt ár

Hér á Undralandi hefur margt skemmtilegt verið á dagskránni í haust. Við förum inn í nýtt skólaár uppfullar af hugmyndum um útikennslu. Eins og kannski flestir vita fór starfsfólk leikskólans í námsferð til Brighton síðastliðið vor og þar lærðum við margt og mikið sem nýttist okkur vel í starfinu. Við sátum svo námskeið á haustdögum um útikennslu og bættum í hugmyndabankann.

Öll börn fara a.m.k. einu sinni í viku í skipulagða útikennslu, við förum mikið í göngutúra og skoðum umhverfið og síðan er útivist tvisvar á dag.

Á dagsskipulaginu/stundaskrá eru tímar í íþróttahúsi og fara allir nemendur þangað í skipulagðar hreyfistundir.

Hér á leikskólanum hefur sú hefð skapast fyrir jóla að foreldrar hafa mætt og bakað piparkökur með börnunum. Í ár var ákveðið að breyta til og bjóða foreldrum í skóginn á aðventustund. Þar var farið í leiki og grillað. Góð mæting var og allir sátir við þessa breytingu og það sem kannski kom mest á óvart var að það fannst dagpartur þar sem veðrið var okkur hliðhollt.

Foreldrafélagið stendur vel við bakið á okkur og jólagjöfin í ár var ljósaborð sem kemur að góðum notum.

Í desember tókum við leikskólakerfið Karelle í notkun og eru starfsmenn og vonandi foreldrar að kynna kerfinu sem okkur líst mjög vel á.

Framundan er karladagur í janúar og kerlingadagur í mars. Síðan er líklegt að við gerum okkur dagamun á Degi leikskólans. Dagur leikskólans verður haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins miðvikudaginn 6. febrúar. Þetta er í tólfta skipti sem haldið er upp á daginn en 6. febrúar er merkilegur dagur í leikskólasögu þjóðarinnar því á þessum degi árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Undirrituð hefur verið í veikindaleyfi en er nú komin aftur að fullu til starfa.

Við minnum á að það eru allir velkomnir í kaffisopa ef áhugi er fyrir að kynna sér hvað við erum að læra hér í leikskólanum.

Fyrir hönd starfsfólks leikskólans

Ingibjörg





Hjónaball 2019

Hjónaball Hrunamanna verður haldið laugardaginn 2. mars. Takið daginn frá, skemmtunin verður nánar auglýst síðar.



Mynd: HK